

**From:** [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)  
**To:** [Íbúaráð Árbær og Norðlingaholt](#); [Árbæjarlaug Reykjavík](#); [skipulag@veitur.is](#)  
**Subject:** Straumur 9 - USK23120094  
**Date:** fimmtudagur, 23. janúar 2025 11:14:32  
**Attachments:** [image001.png](#)  
[image002.png](#)

---

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Straumur 9 - USK23120094, birtist í Morgunblaðinu og Lögbirtingablaðinu í dag, fimmtudaginn 23. janúar 2025. Tillagan er í kynningu frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025. Gögn er hægt að skoða á síðunni, [skipulagsgatt.is](#). Sjá eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/86>

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr., sbr. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á hverfisskipulagi í Reykjavík.**

### **Straumur 9 – USK23120094**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. maí 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. janúar 2025 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt vegna lóðarinnar nr. 9 við Straum. Í breytingunni sem lögð er til felst að stækka lóð til austurs, skilgreina nýja byggingarreiti á austurhluta lóðar þar sem heimilt verður að reisa opna þvottabása og spennistöð ásamt búnaði til hleðslu rafbíla og hækka nýtingarhlutfall. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](#). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 23. janúar 2025 til og með 6. mars 2025**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 6. mars 2025**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](#).



**Með kveðju,**  
**Þuríður María Guðmundsdóttir**

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14  
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](#)

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

